



ORKUSTOFNUN  
Jarðhitadeild

**Trausti Hauksson, Kemíu sf.  
Sverrir Þórhallsson, Orkustofnun**

## **ÚTFELLINGAR MAGNESÍUM-SILÍKATA**

**Áhrif sýrustigs og hitastigs á útfellingu  
magnesíum-silíkata úr hitaveituvatni**

**Skýrsla um niðurstöður tilrauna í Svartsengi og á Grafarholti**

**OS-93014/JHD-04**  
Reykjavík, maí 1993

**Unnið fyrir  
Hitaveitu Suðurnesja  
og Hitaveitu Reykjavíkur**



**ORKUSTOFNUN**  
Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630 221

**Trausti Hauksson, Kemía sf**  
**Sverrir Þórhallsson, Orkustofnun**

## **ÚTFELLINGAR MAGNESÍUM-SILÍKATA**

**Áhrif sýrustigs og hitastigs á útfellingu  
magnesíum-silíkata úr hitaveituvatni**

**Skýrsla um niðurstöður tilrauna í Svartsengi og á Grafarholti**

**Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja og Hitaveitu Reykjavíkur**

**OS-93014/JHD-04**

**Reykjavík, maí 1993**

**ISBN 9979-827-18-1**



## ÁGRIP

Áhrif hitastigs og sýrustigs á útfellingu magnesíum-silífkata úr hitaveituvatni voru könnuð með tilraunum í Svartsengi og á Grafarholti. Tilraunirnar voru samstarfsverkefni Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Suðurnesja og Orkustofnunar.

Tilraunir með blöndur jarðhitavatns og afloftaðs ferskvatns frá Nesjavallavirkjun voru gerðar á Grafarholti. Í Svartsengi voru tilraunir gerðar með afloftað ferskvatn. Hitaveituvatnið var geymt í loftþéttu stálhlyki við ákveðið hitastig og breytingar í efnastyrk mældar reglulega.

Tilraunirnar spönnuðu hitabilið 60 til 120 °C. Sýrustigið var á bilinu pH 8,5 til 9,6. Magnesíumstyrkur var 0,5 til 6,7 mg/kg og kísilstyrkur 13 til 75 mg/kg.

Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

Magnesíum-silíkat fellur úr hitaveituvatni við ákveðin skilyrði. Útfelling þess ræðst af samverkandi áhrifum sýrustigs, kísilstyrks og magnesíumstyrks, sem lýst er með margfeldi af virkni þeirra jóna sem mynda útfellinguna.

$$Q = (\text{Mg}^{+2}) * (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) * (\text{OH}^-)$$

Ef jónamargfeldið verður of hátt þá fellur magnesíum-silíkat úr lausn þangað til jafnvægi næst, þ.e. styrkbreytingar verða það litlar að þær skipta ekki máli tæknilega séð og jónamargfeldið verður jafnt leysnifasta efnisins ( $K_{sp}$ ).

Leysnifasti magnesíum-silíkats á hitastigsbilinu 60 til 120 °C, sem fall af hitastigi (°C) var ákvarðaður.

$$\log(K_{sp}) = -12.90 + 0.00262 * T - 6.212E-05 * T^2$$

Leysni magnesíum-silíkats minnkar með hækkandi hitastigi og meira magn fellur úr lausn. Þegar sýrustig var lækkað nægilega þá var hægt að koma í veg fyrir útfellingar.

Áhrif yfirmettunar og hitastigs á myndunarhraða útfellingarinnar voru ákvörðuð. Hraðinn eykst línulega með vaxandi yfirmettun og stig vex með hækkandi hitastigi.

Gott samræmi var milli tilraunanna í Svartsengi og á Grafarholti.

Yfirmettun í rásum orkuversins í Svartsengi var mæld og einnig styrkbreytingar og þrýstifall í Njarðvíkur og Grindavíkuræð.

Niðurstöður tilraunanna voru notaðar til þess að gera tillögur um heppilegt rekstrarsýrustig í hitaveituvatni frá orkuverunum í Svartsengi og á Nesjavöllum við breytilegt útrásarhitastig og breytilegan styrk steinefna í vatninu.



## EFNISYFIRLIT

	bls
ÁGRIP .....	3
EFNISYFIRLIT.....	5
TÖFLUSKRÁ.....	6
MYNDASKRÁ.....	6
1 INNGANGUR.....	7
2 FRAMKVÆMD TILRAUNA.....	9
3 NIÐURSTÖÐUR.....	11
3.1 Magn útfellinga .....	11
3.2 Leysnijafnvægi.....	14
3.3 Útfellingarhraði.....	16
3.4 Sýni úr vinnslurás.....	18
3.5 Þrýstifall í stofnæðum.....	20
3.5.1 Njarðvíkuræð.....	20
3.5.2 Grindavíkuræð.....	21
4 TILLÖGUR.....	22
4.1 Sýrustig hitaveituvatns.....	22
4.1.1 Svartsengi.....	22
4.1.2 Nesjavellir.....	26
4.2 Framhald rannsókna.....	29
HEIMILDASKRÁ.....	30
VIÐAUKAR.....	31
TÖFLUSKRÁ VIÐAUKA.....	32
MYNDASKRÁ VIÐAUKA.....	32
VIÐAUKI 1 TILRAUNIR Á GRAFARHOLTI.....	33
Tilraunir á Grafarholti við 60 °C.....	35
VIÐAUKI 2 TILRAUNIR Í SVARTSENGI.....	39
Tilraunir í Svartsengi við 80 °C.....	42
Tilraunir í Svartsengi við 100 °C.....	45
Tilraunir í Svartsengi við 120 °C.....	49

## TÖFLUSKRÁ

Tafla	bls
2.1 Útfellingartilraunir í Svartsengi.....	10
3.1 Styrkbreytingar á 4 sólarhringum.....	13
3.2 Efni í vatni, sýni úr vinnslurás, 3/11 92.....	18
3.3 Efni í vatni, sýni úr stofnæðum, 18/11/92.....	19
3.4 Mælingar í Njarðvíkuræð.....	20
3.5 Flutningsgeta Njarðvíkuræðar.....	20
3.6 Mælingar í Grindavíkuræð.....	21
3.7 Flutningsgeta Grindavíkuræðar.....	21
4.1 Svartsengi, pH-MgSi*.....	25
4.2 Nesjavellir, pH-MgSi*.....	28

## MYNDASKRÁ

Mynd	bls
2.1 Stálhylki með hringdælingu, hitað með olíu.....	9
3.1 Styrkur magnesíums (Mg) á móti tíma, engin pH stýring.....	11
3.2 Styrkur kísils (SiO <sub>2</sub> ) á móti tíma, engin pH stýring.....	11
3.3 Styrkur magnesíums (Mg) á móti tíma, við 100 °C.....	12
3.4 Styrkur kísils (SiO <sub>2</sub> ) á móti tíma, við 100 °C.....	12
3.5 Jónamargfeldi sem fall af hitastigi.....	14
3.6 Útfellingarhraði sem fall af yfirmettun.....	16
4.1 Jónamargfeldi sem fall af sýrustigi og hitastigi, Svartsengi.....	22
4.2 Útfellingarhraði sem fall af sýrustigi og hitastigi, Svartsengi...	23
4.3 Hámarkssýrustig sem fall af magnesíumstyrk og hita, Svartsengi....	24
4.4 Jónamargfeldi sem fall af sýrustigi og hitastigi, Nesjavellir.....	26
4.5 Útfellingarhraði sem fall af sýrustigi og hitastigi, Nesjavellir..	27
4.6 Hámarkssýrustig sem fall af magnesíumstyrk og hita, Nesjavellir...	28

## 1 INNGANGUR

Útfellingar magnesíum-silfíkata er algengt vandamál í íslenskum hitaveitum, sem nýta upphitað ferskvatn til þess að flytja varma. Mikið hefur verið fjallað um vandamálið og margvíslegar tilraunir hafa verið gerðar til þess að kanna eiginleika útfellinganna og finna lausn á vandanum (Sverrir Þórhallsson o.fl. 1975, Hrefna Kristmannsdóttir o.fl. 1983).

Árið 1991 gerði Hitaveita Reykjavíkur tilraunir, með blöndur vatns frá Nesjavallavirkjun og vatns frá Reykjum í Mosfellsbæ. Þessar tilraunir voru gerðar við hitastigin 83 °C og 93 °C og gáfu þær gagnlegar upplýsingar um leysni og útfellingarhraða myndlauss magnesíum-silfíkats í hitaveituvatni (Trausti Hauksson o.fl., 1992). Í framhaldi af þessum tilraunum var ákveðið að gera tilraunir við fleiri hitastig og í annarskonar vatni.

Þar sem útfellingar magnesíum-silfíkata hafa einnig verið vandamál hjá Hitaveitu Suðurnesja var stofnað til samstarfs Hitaveitu Suðurnesja, Hitaveitu Reykjavíkur og Orkustofnunar, í þessum tilgangi. Orkustofnun var falin umsjón tilraunanna og framkvæmd var falin Trausta Haukssyni hjá Kemíu. Tilgangur tilraunanna var eftirfarandi:

- 1 Ákvarða leysni magnesíum-silfíkats á hitastigsbilinu 60 °C til 120 °C.
- 2 Ákvarða áhrif hitastigs á útfellingarhraða.
- 3 Kanna hvort samskonar niðurstöður fást með vatn í Svartsengi og fengust í tilraununum á Grafarholti með vatn frá Nesjavallavirkjun og Reykjum.
- 4 Ákvarða heppilegt rekstrarsýrustig fyrir rásir orkuversins í Svartsengi og á Nesjavöllum.

Tvær tilraunir voru fyrst gerðar á Grafarholti við 60 °C, þar sem blandað var vatni frá Reykjum og Nesjavöllum í hlutföllunum 40 og 60%, og þær geymdar í lokuðum stálhylkjum með hringdælingu.

Tilraunabúnaðurinn var síðan fluttur í Svartsengi og honum breytt, þannig, að hægt væri að gera tilraunir við hærra hitastig. Búnaðurinn var tengdur við rás 6 í Orkuveri 2. Tilraunirnar í Svartsengi voru gerðar á sýrustigsbilinu pH 8,5 til 10 og við hitastigin 80, 100 og 120 °C.

Efnagreiningar sýna voru gerðar á staðnum og á efnarannsóknastofu Orkustofnunar.

Niðurstöður efnagreininganna voru meðhöndlaðar í gagnavinnsluforritinu VDATA (Trausti Hauksson, Kemía sf) en það forrit er sérstaklega skrifað til þess að meðhöndla jarðhitagögn. Forritið reiknar virkni jóna og jónamargfeldi og setur gögnin fram í myndum og töflum.

Til samanburðar við niðurstöður tilraunanna voru tekin efnasýni úr vinnslurás orku-




versins í Svartsengi og einnig úr Njarðvíkur- og Grindavíkuræð. Einnig var þrýstifall í Njarðvíkuræð mælt til samanburðar við þrýstifallsmælingu sem gerð var 1983 í þeim tilgangi að kanna hvort flutningsgeta æðarinnar hafi breytst.

Í þessari skýrslu er framvinda tilraunanna ásamt mæliniðurstöðum úr einstökum tilraunum raktar og helstu niðurstöður rannsóknarinnar tíundaðar ásamt tillögum til úrbóta í rekstri orkuveranna í Svartsengi og á Nesjavöllum.

## 2 FRAMKVÆMD TILRAUNA

Á Grafarholti voru gerðar tilraunir í sérsmíðuðum stálhlykjum með hringdælingu, þar sem blöndur vatns frá Reykjum og Nesjavallavirkjun voru geymdar við fast hitastig. Þessum tilraunabúnaði er lýst í skýrslu um tilraunirnar á Grafarholti 1991 (Trausti Hauksson o.fl. 1992). Tilraunabúnaðurinn var fluttur í Svartsengi og honum breytt, þannig, að hægt væri að gera tilraunir við hærri hitastig (sjá mynd 2.1).



Mynd 2.1 Stálhlyki með hringdælingu, hitað með olíu.

Tvö hylki, smíðuð úr ryðfrú stáli, voru notuð. Annað 6,1 lítrar að rúmmáli merkt A og hitt 5,5 lítrar merkt B. Hylkin voru umlukin olíu, sem hituð var með rafmagni. Hitastiginu var stýrt með PID regli með  $\pm 0,1$  °C nákvæmni.

Tilraunirnar voru gerðar á tímabilinu 31. maí til 16. september, 1992.

Vatn úr rás 6 í orkuveri 2 var leitt í stálhlykið. Þrjár lagnir voru lagðar. Þ.e. strax eftir afloftun, eftir millihitara og eftir eftirhitara. Þannig var hægt að leiða vatn með heppilegu hitastigi inn í tækin.

Fyrst voru stálhlykin skoluð vel með því að láta vatn streyma í gegnum þau í nokkra sólarhringa. Upphafssýni var tekið úr útrennsli frá hlykjunum og þeim lokað. Argon gasi var hleypt á og þrýstingur stilltur á 3 bör. Sýni voru síðan tekin með reglulegu millibili. 100 ml voru síaðir í gegnum 0,2  $\mu\text{m}$  síu og sýrðir með  $\text{HNO}_3$  til greiningar á natríum,

kalíum, magnesíum, kalsíum og kísli. Einnig var tekið sýni til ákvörðunar á sýrustigi. Það var kælt í ryðfríu röri og plastflaska með sýninu sett í vatnsbað og sýrustigið mælt við 25°C. Koldíoxíð (CO<sub>2</sub>) og brennisteinsvetni (H<sub>2</sub>S) var mælt í upphafssýni og í lokin. Tímalengd hverrar tilraunar var fjórir sólarhringar.

Eftirfarandi tafla sýnir yfirlit yfir tilraunir þær sem framkvæmdar voru í Svartsengi.

**Tafla 2.1** Útfellingatilraunir í Svartsengi.

Tilraun nr:	Hitastig (°C)	Upphafs pH	Ath
A51	80	9,28	
B51	80	8,97	Gufuíblöndun
B52	100	10,25	NaOH bætt í hylkið
A52	100	9,34	
A53	100	8,92	Gufuíblöndun
B53	100	8,58	Gufuíblöndun
B54	120	9,95	NaOH bætt í hylkið
A54	120	9,17	
A55	120	8,90	Gufuíblöndun
B55	120	8,56	Gufuíblöndun


Sýrustigið var lækkað með því að blæða gufu inn í afloftunarsúlu og það hækkað með því að bæta nokkrum milligrömmum af NaOH í hylkið.

### 3 NIÐURSTÖÐUR


Niðurstöður tilraunanna á Grafarholti við 60 °C eru birtar í viðauka 1 og tilraunanna í Svartsengi í viðauka 2. Hér á eftir verður stiklað á helstu niðurstöðum tilraunanna.

#### 3.1 Magn útfellinga

Myndir 3.1 og 3.2 sýna breytingar í styrk magnesíums og kísils á þeim fjórum sólarhringum sem tilraunirnar stóðu, við breytilegt hitastig en án sýrustigsstýringar.



**Mynd 3.1**  
Styrkur magnesíums (Mg) á móti tíma, engin pH stýring.




**Mynd 3.2**  
Styrkur kísils (SiO<sub>2</sub>) á móti tíma, engin pH stýring.

Styrkbreytingarnar voru mestar fyrsta sólarhringinn en hægðu verulega á sér eftir það,


þannig að sýndarjafnvægi náðist. Hraði breytinganna var meiri við hærra hitastig og meira magnesíum féll út við hærri hita. Við 80 °C samsvarar styrkminnkun því að 1,8 mg af  $MgOSiO_2 \cdot H_2O$  hafi fallið úr hverjum lítra vatns, við 100 °C 3,1 mg og við 120 °C 4,4 mg á fjórum sólarhringum. Áhrif hitastigshækkunar á magn útfellinga kísils voru ekki eins mikil. Við 120 °C hætti styrkur kísils að minnka eftir um 6 tíma en magnesíum féll áfram út. Styrkminnkun kísils við 120 °C varð svipuð og við 80 °C en mesta minnkun kísilstyrks varð við 100 °C.

Myndir 3.3 og 3.4 sýna styrkbreytingar í tilraunum gerðum við 100 °C með breytilegu upphafssýrustigi.

**Mynd 3.3**  
Styrkur magnesíums (Mg) á móti tíma, við 100 °C.



**Mynd 3.4**  
Styrkur kísils ( $SiO_2$ ) á móti tíma, við 100 °C.



Áhrif sýrustigs eru greinileg. Í afloftuðu vatni en án íblöndunar gufu eða lúts (pH 9,34) þá samsvarar styrkminnkun magnesíums (Mg) og kísils (SiO<sub>2</sub>) að um 3,1 milligrömm af magnesíum-silfíki hafi fallið úr hverjum lítra vatns á þeim fjórum sólarhringum sem tilraunin stóð yfir. Þegar sýrustig var lækkað niður fyrir pH 8,9 þá urðu engar breytingar í styrk kísils og magnesíums og ekkert magnesíum-silikat féll því út. Þegar sýrustigið var hækkað í pH 10, féllu 14-15 mg af magnesíum-silfíki úr hverjum lítra vatns.

Eftirfarandi tafla sýnir þær styrkbreytingar sem urðu á fjórum dögum í vatninu í tilrauninum í Svartsengi.


**Tafla 3.1** Styrkbreytingar á 4 sólarhringum.

Tilr. nr:	Hitastig (°C)	Upphafs pH	Breyting eftir 4 sólarhringa					
			pH	Mg (mg/kg)	Ca (mg/kg)	SiO <sub>2</sub> (mg/kg)	Mg:Si	MgSiO <sub>3</sub> (mg/kg)
A51	80	9,28	-0,26	-0,48	+0,3	-0,8	1,5	1,8
B51	80	8,97	-0,10	+0,05	+0,3	-0,3	-	0,3
B52	100	10,25	-0,89	-4,25	0,0	-5,6	1,9	3,1
A52	100	9,34	-0,36	-0,72	+0,2	-1,5	1,2	14,3
A53	100	8,92	-0,13	-0,25	+0,2	+0,5	-	-0,2
B53	100	8,58	+0,18	-0,01	0,0	+0,1	-	-0,2
B54	120	9,95	-1,07	-3,86	+0,3	-3,5	2,7	4,4
A54	120	9,17	-0,47	-1,14	+0,4	-1,1	2,6	11,0
A55	120	8,90	-0,27	-0,98	-0,1	-1,0	2,4	3,0
B55	120	8,56	-0,12	-0,58	+0,2	-0,1	-	1,1

Hlutfall magnesíums og kísils í styrkminnkun var breytilegt en yfirleitt hærra en í tilrauninum á Grafarholti og á það sérstaklega við um tilraunir sem gerðar voru við 120 °C. Í tilraunum á Grafarholti var Mg:Si hlutfallið á bilinu 0,5 til 2 og að jafnaði í kringum 1. Í tilrauninum í Svartsengi var hlutfallið að jafnaði í kringum 1,5 við 80 og 100 °C en við 120 °C var hlutfallið að jafnaði um 2,5.

### 3.2 Leysnijafnvægi

Leysni magnesíum-silíkatútfellinga er einfaldast að lýsa með eftirfarandi heildar-efnajafnvægi:



með leysnifastann við jafnvægi:


$$[2] \quad K_{\text{SP}} = (\text{Mg}^{+2}) \cdot (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) \cdot (\text{OH}^-)$$

Út frá efnagreiningu sýnis af vatni er hægt að reikna jónamargfeldi magnesíum-silíkats í vatninu.

$$[3] \quad Q = (\text{Mg}^{+2}) \cdot (\text{H}_3\text{SiO}_4^-) \cdot (\text{OH}^-)$$

Ef jónamargfeldið (Q) er hærra en leysnifastinn ( $K_{\text{SP}}$ ) þá er vatnið yfirmettað og magnesíum-silíkatútfellingar geta myndast.

Á mynd 3.5 er jónamargfeldið sýnt, sem fall af hitastigi bæði fyrir tilraunir gerðar á Grafarholti og í Svartsengi.



Mynd 3.5 Jónamargfeldi sem fall af hitastigi.

Niðurstöður efnagreininga sýna úr tilraununum voru færðar inn í forritið VDATA, sem reiknar ofangreint margfeldi og tekur tillit til jónastyrks vatnsins, klofnunar kísilsýru ásamt komplexmyndunar magnesíums og kísils og fleiri efna í vatninu.

Opin tákni eru margfeldi fyrir sýni, sem tekin voru úr hylkinu um leið og því var lokað, og fylltu tákni eru fyrir sýni, sem tekin voru úr hylkinu eftir að blandan hafði mallað í því í 3 til 4 daga.

Fyrst eftir blöndun var margfeldið mun hærra en leysnifastinn og blöndurnar yfirmettaðar. Eftir nokkra daga hafði nægilegt magnesíum-silíkat fallið úr lausnunum til þess að þær væru nálægt því í jafnvægi.

Dregin var besta nálgun í gegnum punktana og sýnir brotna línan staðalfrávik þeirrar nálgunar. Heildregna línan sýnir besta mat á leysnifastanum ( $K_{sp}$ ), sem er jónamargfeldi ofangreinds efnahvarfs við sýndarjafnvægi, þ.e. þegar breytingar í efnastyrk verða svo hægar að þær skipta ekki máli tæknilega séð. Leysnifastar, sem fengust úr tilraununum í Svartsengi (80, 100 og 120 °C), eru í stórum dráttum í góðu samræmi við þá fasta, sem fengust í tilraununum á Grafarholti (60, 83 og 93 °C). Leysnifastinn lækkar með hækkandi hita á hitabilinu 60 til 120 °C, sem þýðir að hætta á útfellingu eykst.

Eftirfarandi jafna sýnir samband leysnifastans og hitastigs á hitabilinu 60 til 120 °C.

$$[4] \quad \log(K_{sp}) = -12.90 + 0.00262 * T - 6.212E-05 * T^2$$

**$K_{sp}$ : Leysnifasti (mól/l)<sup>3</sup>**

**T: Hitastig (°C)**

Þessir jafnvægisreikningar gera ráð fyrir að jafna [1] lýsi sýndarjafnvægi því, sem næst, þegar myndlaust magnesíumsilíkat fellur úr lausn. Jafna [1] er efnahvarf magnesíum- og kísiljóna í hlutfallinu 1:1. Ekki er tekið tillit til breytilegs hlutfalls magnesíums og kísils í myndefninu, enda gefa fyrirliggjandi gögn ekki tilefni til þess að ætla breytilegt Mg:Si hlutfall í myndefni hafi veruleg áhrif á niðurstöðuna.




### 3.3 Útfellingarhraði

Dvalartími hitaveituvatnsins í veitukerfum Hitaveitu Suðurnesja og Reykjavíkur er innan við einn sólarhringur og því mikilvægt að geta sagt fyrir um hraða útfellinganna fyrst eftir afloftun, en ekki aðeins magn útfellinga, sem fellur út á fjórum sólarhringum.

Í tilraunum á Grafarholti við 83 og 93 °C var sýnt fram á línulegt samband milli yfirmettunarhlutfalls ( $sMgSiO_3 = Q/K_{sp}$ ) og hraða styrkminnkunar ( $dw/dt$ , mg/kg/klst).

Á mynd 3.6 er sýnt samband hraða útfellingar og yfirmettunarhlutfalls í tilraunum við 60 og 83 °C á Grafarholti og 100 og 120 °C í Svartsengi.



Mynd 3.6 Útfellingarhraði sem fall af yfirmettun.

Í tilraunum gerðum á Grafarholti við 60 °C kom fram greinileg línuleg fylgni milli hraða og yfirmettunar eins og áður fékkst við 83 °C. Í Svartsengi var þetta samband ekki línulegt eins og í tilraununum á Grafarholti því þar voru styrkbreytingar minni og því meiri óregla í niðurstöðunum. Frávik frá línulegu sambandi voru mest við hátt hitastig og hátt upphafssýrustig. Hraðinn minnkaði í fyrstu mjög ört ef sýrustigið var hátt, sem gæti bent til þess að hvarfleið við sýrustig nálægt pH 10 sé ekki sú sama og við sýrustig um pH 9.

Samkvæmt tilraunum á Grafarholti við 83 og 60 °C er örvunarorka hvarfsins á því hitabili um 50 kJ/mól og lýsa eftirfarandi jöfnur hraðasambandinu, en hraði útfellingar fer stigvaxandi með hækkandi hitastigi.

$$[5] \quad dw/dt = k (Q/Ksp-1) \quad k = A \exp(-E/RT)$$

**A:** fasti  $1,8 \times 10^6$  (mg/kg/klst)

**E:** örvunarorka 50000 (J/mól)

**R:** gasfasti 8,314 (J/K/mól)

**T:** hitastig (K)

Heildregnu línurnar á mynd 3.6 voru dregnar samkvæmt þessum fasta fyrir hitastigin 60, 83, 100 og 120 °C.

Þrátt fyrir að tilraunaniðurstöðurnar úr Svartsengi séu ekki línulegar þá er hraðinn ekki fjarri þeim hraða, sem jafna Arrheniusar gefur við þessi hitastig. Það ætti því að vera hægt að notast við þann fasta til að meta gróflega áhrif hitastigs á útfellingarhraða við hærri hita en 80 °C, sérstaklega ef sýrustig er ekki mjög hátt.

Taka ber fram að þessar niðurstöður gilda í raun aðeins fyrir samskonar streymis- aðstæður og í tilraunabúnaðinum. Slíkar aðstæður er helst að finna í þröngum pípum með nokkrum rennslisraða en síður í stofnæðum. Í stofnæðum þar sem hlutfall rúmmáls og veggyfirborðs er hátt gefur þessi líking væntanlega of mikinn útfellingarhraða.

### 3.4 Sýni úr vinnslurás

Tekin voru sýni úr vinnslurásum orkuversins í Svartsengi til samanburðar við tilraunaniðurstöður. Niðurstöðurnar eru birtar í eftirfarandi töflu.

**Tafla 3.2** Efni í vatni, sýni úr vinnslurás, 3/11 92.

Staður	Hitast. (°C)	pH	----Efnastyrkur (mg/kg)-----										sMgSiO <sub>3</sub> (Q/Ksp)
			Basi (OH)	CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	SO <sub>4</sub>	Cl	
Ferskvatn	25,5	7,76	8,4	22,3		14,7	35,6	1,6	8,6	7,38	10,0	73,9	0,00
<b>Orkuver 1</b>													
Rás 1	100,0	8,90	5,8	12,8	0,00	14,7	35,5	1,6	8,6	7,32			1,83
Rás 2	100,0	9,05	5,8	12,2	0,00	14,9	36,3	1,7	8,7	7,47			2,96
Rás 3	100,0	8,86	5,6	12,5	0,00	14,9	36,1	1,7	8,7	7,37			1,63
Rás 4	100,0	9,11	5,6	11,3	0,00	13,7	36,1	1,6	8,8	7,48			3,12
<b>Orkuver 2</b>													
Rás 6 *)	80,0	8,97	5,4	11,6	0,14	12,9	33,3	1,5	7,8	6,67			1,11
Rás 7	73,9	8,81	5,1	11,6	0,09	13,8	32,9	1,7	7,9	6,67			0,59
Rás 8	78,6	8,85	5,1	11,3	0,07	13,6	33,2	1,6	8,1	6,74			0,74

\*) Sýni tekið 5/8 92.

Ef styrkur natríums (Na) er borinn saman, annars vegar í ferskvatni og hinsvegar í afloftuðu vatni, sést hversu mikil gufa hefur soðið úr eða þéttst í vatninu.

Í orkuveri 1 var natríumstyrkurinn hærri en í ferskvatninu, nema í rás 1 þar sem hann var sá sami. Vegna þess að hola 10 gefur enga lágþrýstigufu, þá er magn hennar nú hlutfallslega minna, en gert var ráð fyrir við hönnun orkuvers 1, og því ekki hægt að forhita vatnið með beinni íblöndun við ferskvatnið nema í einni rás. Í hinum rásum orkuvers 1 er vatnið hitað óbeint í plötuhiturum í 105 °C og látið sjóða í 100 °C. Við það hækkar styrkur steinefna í vatninu um 1 %. Þegar forhitun í orkuveri 1 er sleppt, þá eykst hætta á útfellingum magnesíum-silífkata. Þegar sýnin voru tekin var sýrustigið á bilinu 8,9 - 9,1 í rásum orkuvers 1 og vatnið var yfirmettað við afloftunarhitastig 100 °C. Sjá síðasta dálk í töflu 3.2, en hann sýnir yfirmettunarhlutfallið sMgSiO<sub>3</sub>. Þegar hlutfallið er hærra en 1 þá er vatnið yfirmettað en undirmettað ef sMgSiO<sub>3</sub> er lægra en 1.

Styrkur natríums í rásum í orkuveri 2 var lægri en í ferskvatninu. Í afloftunarsúlum orkuvers 2 þéttist lágþrýstigufa í ferskvatninu og við það minnkar styrkur steinefna í vatninu um 10 %. Þéttivatn, sem bætist í hitaveituvatnið, er þó minna, en var, áður en Ormatvélnar voru teknar í notkun, vegna þess að nú er ferskvatnið heitara, eða um 25 °C, þegar það streymir inn í afloftunarsúlurnar. Miðað við 7°C ferskvatnshita og 80 °C afloftunarhita þá þéttist 13% gufa í afloftaranum. Hætta á útfellingu hefur því aukist eftir að inntakshitastig hækkaði. Þegar sýnin voru tekin var sýrustig á bilinu 8,8 til 9,0 og var vatnið undirmettað eða rétt yfir mörkunum við afloftunarhitastig.

Árið 1983 voru einnig tekin sýni úr rásum 6,7 og 8. Þá mældist styrkur steinefna lægri

en nú og var styrkur magnesíums (Mg) um 5,9 mg/kg samanborið við 6,7 mg/kg núna. Þessi munur er meiri en svo að hann megi skýra með hærri ferskvatnshita eingöngu, því sú breyting skýrir aðeins 0,2 mg/kg hækkun. Styrkur steinefna í ferskvatninu hefur því hækkað síðan 1983 og er hér því væntanlega komin skýringin á því að útfelling magnesíum-silíkata var orðin meira áberandi nú en var fyrstu árin. Haustið 1991 var magnesíumstyrkur 7,2 mg/kg í ferskvatninu (Trausti Hauksson 1991), en nú ári seinna mældist hann 7,4 mg/kg. Ástæða er til þess að fylgjast vel með styrk steinefna í ferskvatnsholum og taka út holur sem gefa vatn með háan steinefnastyrk.

Tekin voru sýni úr Njarðvíkur- og Grindavíkuræð í þeim tilgangi að kanna hvort styrkminnkun og útfelling magnesíum-silíkats ætti sér stað við núverandi aðstæður. Í eftirfarandi töflu er sýndur mældur efnastyrkur í Njarðvíkur- og Grindavíkuræð.

Tafla 3.3 Efni í vatni, sýni úr stofnæðum, 18/11/92.

Staður	Hitast. (°C)	----Efnastyrkur (mg/kg)-----											sMgSiO <sub>3</sub> (Q/Ksp)
		Basi pH/25°C	CO <sub>2</sub>	H <sub>2</sub> S	SiO <sub>2</sub>	Na	K	Ca	Mg	SO <sub>4</sub>	Cl		
<b>Grindavíkuræð</b>													
Svartsengi	83,3	8,84	5,5	12,5	0,00	14,4	34,6	1,6	8,3	7,12	10,2	70,9	0,94
Grindavík	79,5	8,87	5,7	12,8	0,00	14,3	36,5	1,6	8,3	7,08	14,4	70,5	0,94
<b>Njarðvíkuræð</b>													
Svartsengi	105,0	8,95	5,4	11,7	0,00	13,9	34,1	1,6	8,2	6,88	10,0	69,6	2,01
Njarðvík	102,6	8,85	5,2	11,8	0,00	13,6	33,9	1,6	8,2	6,63	10,7	69,3	1,34

Þegar sýnin voru tekin þá mældist engin yfirmettun í Grindavíkuræð. Grindavíkuræð var tengd inn á rás 1 í orkuveri 1. Nær öll lágþrýstigufan var notuð í forhitara rásar 1 og var ferskvatnið forhitað með gufuþblöndun úr 25 í 41 °C. Vatnið var hitað í 105,6 °C og látið sjóða við 100 °C. Sýrustig var lækkað með gufuþblöndun í afloftara í pH 8,84. Magnesíum mældist 7,12 mg/kg sem samsvarar því að um 4 % gufa hafi þéttst í vatninu. Vatnið í æðinni var undirmetað (sjá síðasta dálk í töflu 3.3). Styrkur magnesíums í vatninu hafði minnkað um 0,04 mg/kg á leiðinni til Grindavíkur, sem ekki er marktæk minnkun.

Í Njarðvíkuræð reiknast nokkur yfirmettun í vatninu þrátt fyrir að sýrustig vatnsins hafi aðeins verið um pH 8,95. Hitastig var 105 °C þannig að leysni magnesíum-silíkats var minni en í afloftara við 80 °C. Í dælustöð að Fitjum í Njarðvík hafði styrkur magnesíums minnkað um 0,25 mg/kg og einnig kom fram lækun í sýrustigi og styrkur kísils minnkaði. Samkvæmt því hefur magnesíum-silíkat fallið út úr vatninu á leið þess frá Svartsengi til Fitja. Ef gert er ráð fyrir því að öll útfellingin setjist jafnt innan á rörið alla leiðina þá samsvarar styrkminnkunin um 0,2 mm skeljun á einu ári.

### 3.5 Þrýstifall í stofnæðum

Árið 1983 var þrýstifall í Njarðvíkuræð mælt og flutningsgeta hennar metin (Trausti Hauksson, 1983). Samskonar mælingar voru gerðar núna, og einnig var þrýstifall mælt í Grindavíkuræð.

#### 3.5.1 Njarðvíkuræð

Rennsli í Njarðvíkuræð var ákvarðað með hitaferlun, þ.e. hitastig var hækkað lítilsháttar og fylgst með því hvenær hækkunin kom fram í dælustöðinni á Fitjum í Njarðvík. Hitapúlsinn var 163 mínútur á leiðinni og miðað við rúmmál pípu 2340 m<sup>3</sup> var rennslið 239 l/s. Eftirfarandi tafla sýnir niðurstöður þessara mælinga.

Tafla 3.4 Mælingar í Njarðvíkuræð

	Fjarlægð frá Svartsengi (m)	Hæð yfir sjó (m)	Þrýstingur (barg)	Hita- stig (°C)	Athugasemd
1	319	30,90	2,85	105,0	Fyrsti lofttæmistútur á æð.
2	4057	28,75	2,09		Hjá Gjánni. Lofttæming eftir festu.
3	9101	19,90	1,85		Fyrsti lofttæmist norðan girðingar.
4	11727	4,45	2,69	102,6	Brunnur austan við Fitjastöð.

Þvermál pípu er 493,8 mm og er reiknað með að hryfi í nýrri pípu sé 0,045 mm. Flutningsgeta er sett fram sem hlutfall rennslis í pípunni af rennsli í nýrri pípu með sama þrýstifalli.

Tafla 3.5 Flutningsgeta Njarðvíkuræðar (ID=493,8 mm, Q=239 l/s)

	Lengd pípu-kafla (m)	Ein. mót-stöður (*)	Þrýstifall Mælt (bar)	Ný pípa (bar)	Flutningsgeta (%)
1-2	3738	2	0,96	0,72	87
2-3	5044	2	1,07	0,98	95
3-4	2626	2	0,62	0,52	92

\*) Þrýstifall vegna loka, beygja o.s.fr. (t.d. spjaldloki opinn K=0,24, 90° beygja K=0,75 o.s.fr)

Árið 1983 var flutningsgeta 82, 98 og 94 % þannig að flutningsgetan hefur ekki minnkað marktækt síðan þá. Flutningsgeta fyrsta kaflans 1-2 er meiri en 1983. Hún var og er þar marktækt lægri en í nýrri pípu og samsvarar þrýstifallið í pípunni nú um 0,25 mm hryfi.

Ekki er hægt að sjá merki skeljunar í pípunni í samsvarandi mæli og niðurstöður

efnagreininga í kafla 3.4 gáfu til kynna, því ef skeljun væri 0,2 mm á ári í nokkur ár þá myndi það hafa veruleg áhrif á flutningsgetuna, en hún var meiri núna fyrstu 4 km æðarinnar en mældist 1983. Taka ber fram að þrýstifall fyrstu 319 metrana var ekki mælt en þar er mest hætta á útfellingu, sérstaklega í lokum, tengingum og beygjum við orkuverið.

### 3.5.2 Grindavíkuræð

Flutningsgeta Grindavíkuræðar hefur ekki verið ákvörðuð áður. Samkvæmt mælum í stjórnstöð var rennsli frá stöð að geymi 27 l/s, en rennsli frá geymi var óþekkt. Eftirfarandi tafla sýnir mælingar á þrýstingi og hita í æðinni.

Tafla 3.6 Mælingar í Grindavíkuræð

Fjarlægð frá Svartsengi (m)	Hæð yfir sjó (m)	Þrýstingur (barg)	Hita- stig (°C)	Athugasemd
1 0	24,20	3,85	83,3	Orkuver 1, pipa við norðurvegg.
2 1300	54,20	0,49	82,0	Vatnshæð í tanki 4,8 m.
3 4100	13,40	1,85	79,5	Brunnur við Festi. Mælt við lok.

Tafla 3.7 Flutningsgeta Grindavíkuræðar (ID=263 mm, Q=27 l/s)

	Lengd pípu-kafla (m)	Ein. mót-stöður (*)	Þrýstifall Mælt (bar)	Ný pípa (bar)	Flutnings- geta (%)
1-2	1300	5	0,54	0,10	43
2-3	2800	5	1,25	-	-

\*) Þrýstifall vegna loka, beygja o.s.fr. (t.d. spjaldloki opinn K=0,24, 90° beygja K=0,75 o.s.fr)

Flutningsgeta Grindavíkuræðar frá Svartsengi að geymi var aðeins 43% af flutningsgetu nýrrar pípu.

Þar sem rennsli frá geymi að Grindavík var ekki þekkt er ekkert hægt að segja um flutningsgetu þess hluta pípunnar.

## 4 TILLÖGUR

### 4.1 Sýrustig hitaveituvatns


Leysnifasta leysnifasta myndlauss magnesíum-silíkats, sem ákvarðaður var í tilraununum (jafna [4] í kafla 3.2), er hægt að nota til þess að reikna yfirmettun í afloftuðu vatni með þekktu efnasamsetningu en breytilegt hitastig og sýrustig.

Hraði útfellinganna eykst línulega með yfirmettunarhlutfalli og stig vex með hækkandi hitastigi. Jöfnu [5] í kafla 3.3 er hægt að nota til þess að reikna útfellingarhraða við breytilegt hitastig og sýrustig.

Hér á eftir verður fjallað um orkuverin á Nesjavöllum og í Svartsengi með tilliti til áhrifa sýrustigs hitaveituvatnsins á útfellingarhættu.

#### 4.1.2 Svartsengi

Eftirfarandi mynd sýnir jónamargfeldi hitaveituvatns í orkuveri 2 í Svartsengi sem fall af hita- og sýrustigi.



Mynd 4.1 Jónamargfeldi sem fall af sýrustigi og hitastigi. Svartsengi.


Heildregna þykka línar sýnir leysnifasta myndlauss magnesíum-silíkats en brotnu línurnar sýna jónamargfeldi í afloftuðu vatni í orkuveri 2 í Svartsengi (sýni úr rás 6). Ef t.d. vatnið er afloftað við 70 °C og sýrustig stillt á pH 9,0 þá verður vatnið mettað og því ekki

hætta á útfellingu magnesíum-silíkats í afloftara. Þegar vatnið er síðan hitað í eftirhitara þá verður jónamargfeldið hærra en leysnifasti myndlauss magnesíum-silíkats, og hætta verður á útfellingu. Ef sýrustigið hækkar í pH 9,5 þá verður vatnið yfirmettað við öll hitastig. Ef það er lækkað í pH 8,5 þá má hita vatnið í 115 °C án þess að það verði yfirmettað.

Ef styrkur steinefna er hærri en í rás 6, t.d. eins og í rásum í orkuveri 1, þar sem engin forhitun á sér stað, þá verður hætta á útfellingu meiri, og þarf þá að lækka sýrustig enn frekar, til þess að stöðva þær örugglega.

Lagt er til að sýrustig vatns út af afloftunarsúlum sé stillt á sýrustig, sem er nægilega lágt, til þess að engin útfellingarhætta verði í Njarðvíkur- og Grindavíkuræð við viðkomandi útrásarhitastig. Miðað við 105 °C útrásarhitastig til Njarðvíkur má sýrustig vatnsins ekki vera hærra en 8,7 til þess að útiloka útfellingar. Ástæða er þó til þess að fylgjast vel með áhrifum sýrustigslækkunar á tæringu í veitukerfinu.

